

# Ársskýrsla Kvenréttindafélags Íslands 2019

## Efnisyfirlit

Yfirlit yfir starfsárið .....	1
Starfsmenn Kvenréttindafélagsins.....	2
Nefndir og ráð.....	2
Viðburðir .....	3
Útgáfa, skýrslur, greinar og yfirlýsingar .....	9
Samstarf við stjórnvöld og erlendar eftirlitsstofnanir .....	9
Samstarf við femínísku hreyfinguna á innlendum vettvangi .....	12
Samstarf við femínísku hreyfinguna erlendis.....	13
Óháð upplýsingagjöf til innlendra og erlenda aðila um jafnréttismál á Íslandi.....	16
Stafræn jafnréttisbarátta .....	17
Félagar í Kvenréttindafélagi Íslands.....	17

## Yfirlit yfir starfsárið

Hallveigarstaðir, Reykjavík, 16. mars 2020

Kvenréttindafélag Íslands hélt áfram að dafna á árinu 2019. Fríða Rós Valdimarsdóttir lét af störfum sem formaður félagsins eftir fjögurra ára embættistíð og eru henni færðar bestu þakkir fyrir framlag hennar til félagsins. Undir stjórn Fríðu blómstraði félagið, sem í fyrsta skipti langan tíma stendur á föstum fjárhagslegum grundvelli. Tatjana Latinovic varaformaður var kjörinn nýr formaður Kvenréttindafélags Íslands, fyrsta konan af erlendum uppruna sem gegnir þessu embætti.

Í starfi Kvenréttindafélagsins á árinu bar hæst Kynjaping sem haldið 2. nóvember 2019 í Norræna húsinu. Þetta er í annað skipti sem Kynjaping er haldið og ljóst er að þingið hefur

Þegar unnið sér sess í íslenskri jafnréttisbaráttu. Í ár stóðu 21 samtök og hópar fyrir 13 viðburðum sem tengjast kynjajafnrétti og sótti 471 gestur þingið, mikil fjölgun á milli ára. Kynjaþing er orðið mikilvægur hluti af starfi Kvenréttindafélags Íslands, tækifæri fyrir félagið til að stuðla að samstarfi milli ólíkra aðila sem starfa að kynjajafnréttismálum og vettvangur sem tryggir það að félagið sé ávallt upplýst um nýjustu hugmyndir innan femínísku hreyfingarinnar.

Aðalfundur Kvenréttindafélags Íslands var haldinn 6. maí 2019. Á aðalfundi var kosið um formann, þrjú sæti í stjórn og þrjú sæti í varastjórn Kvenréttindafélagsins. Tatjana Latinovic var kosin formaður, og Bergljót Tulinius Gunnlaugsdóttir, Eva Huld Ívarsdóttir og Stefanía Sigurðardóttir voru kosnar í stjórn sem aðalmenn. Í varastjórn voru kosnar Helga Baldvins Bjargardóttir, Hjördís Guðný Guðmundsdóttir og Steinunn Stefánsdóttir. Ellen Calmon, Helga Dögg Björgvinsdóttir og Hildur Helga Gísladóttir sitja áfram í stjórn félagsins. Á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund skipti stjórn með sér störfum og var Helga Dögg Björgvinsdóttir valin nýr varaformaður Kvenréttindafélags Íslands, Ellen Calmon gegnir áfram stöðu ritara og Hildur Helga Gísladóttir áfram stöðu gjaldkera. Hugrún R. Hjaltadóttir og Margrét Steinarsdóttir voru kjörnar skoðunarmenn reikninga. Stjórn setti sér á árinu starfsreglur, sem gerðar eru opinberar á vefsíðu félagsins.

Kvenréttindafélag Íslands og forsætisráðuneytið gerðu á árinu með sér samning um að félagið sinni fræðslu og upplýsingagjöf um jafnrétti kynjanna á innlendum og erlendum vettvangi. Gildistími samningsins var 15. febrúar 2019 til 15. febrúar 2020. Var það stjórn félagsins mikill léttir að tókst að ná samning við forsætisráðuneytið, en samsvarandi samningur hafði verið gerður við velferðarráðuneytið 2017 sem rann út 1. október 2018. Ekki reyndist unnt að endurnýja þann samning, í kjölfar skipulagsbreytinga hjá stjórnvöldum, þar sem jafnréttismál voru flutt yfir til forsætisráðuneytið. Lenti félagið í töluverðum fjárhagsörðugleikum á meðan engir samstarfssamningar við stjórnvöld voru í gildi, og tók allt árið að vinda ofan af þeim.

Ljóst er að stuðningur stjórnvalda er nauðsynlegur til að tryggja öflugt starf Kvenréttindafélags Íslands en félaginu hefur ekki tekist að fjármagna starf starfsmanns í fullu starfshlutfalli með félagsgjöldum og tilfallandi styrkjum.

Kvenréttindafélag Íslands býr svo vel að reka Kvennaheimilið Hallveigarstaði í samstarfi við Bandalag kvenna í Reykjavík og Kvenfélagasamband Íslands. Ekki er fullt aðgengi að samkomusal Hallveigarstaða en stólalyfta sem tekur 225 kíló liggur niður í salinn. Kvenréttindafélag Íslands hefur ekki staðið fyrir viðburðum eitt og sér í sal Hallveigarstaða í einhver ár, þar sem skert aðgengi er að salnum. Tala fulltrúar félagsins markvisst fyrir því að fullt aðgengi að Kvennaheimilinu Hallveigarstöðum sé tryggt, m.a. með því að setja upp lyftu.

## Starfsmenn Kvenréttindafélagsins

Hjá Kvenréttindafélag Íslands er einn starfsmaður í 100% starfi. Brynhildur Heiðar-og Ómarsdóttir hefur gegnt starfi framkvæmdastýru félagsins síðan í nóvember 2011.

## Nefndir og ráð

Kvenréttindafélag Íslands á fulltrúa í ýmsum nefndum og ráðum. Árið 2019 sat Tatjana Latinovic í stjórn Kvennaheimilisins Hallveigarstaða. Stjórnin öll er fulltrúi félagsins í International Alliance of Women (IAW) og Feministiskt Nätverk Norden. Hildur Helga Gísladóttir var fulltrúi félagsins í Almannaheill – Regnhlífarsamtökum frjálsra félagasamtaka og séreignarstofnana í almannapágu. Tatjana Latinovic og Ellen Calmon voru fulltrúar stjórnar Kvenréttindafélagsins í stjórn Menningar- og minningarsjóðs kvenna. Ellen Calmon var fulltrúi félagsins í Mannréttindaskrifstofu Íslands og gegndi hún hlutverki formanns framkvæmdastjórnar Mannréttindaskrifstofu á árinu, og er varamaður hennar Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir. Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir og Tatjana Latinovic voru fulltrúar félagsins í stjórn Mæðrastyrksnefndar.

### **Menningar- og minningarsjóður kvenna**

Stjórn Menningar- og minningarsjóðs kvenna (MMK) var kosin á aðalfundi Kvenréttindafélagsins 6. maí 2019. Formaður Menningar- og minningarsjóðs kvenna er Kristín Ástgeirsdóttir. Aðrar í stjórn eru: Lára Aðalsteinsdóttir, Sabine Leskopf og Tatjana Latinovic (tilnefnd af Kvenréttindafélaginu). Varamenn eru Ásbjörg Una Björnsdóttir, Barbara Kristvinsson, Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir, Ellen Calmon (tilnefnd af Kvenréttindafélaginu) og Hugu R. Hjaltadóttir.

Úr stjórn viku Hugu R. Hjaltadóttir, Helga Dögg Björgvinsdóttir, Sólveig Jónasdóttir, Fríða Rós Valdimarsdóttir, Guðrún Andrésdóttir, Margrét Steinarsdóttir og Sonja Ýr Þorbergsdóttir. Þökkum við þeim vel unnin störf.

MMK veitti ekki styrk árið 2019.

### **Jafnréttisráð**

Kvenréttindafélagið deilir tveimur sætum í Jafnréttisráði með Kvenfélagasambandi Íslands og Femínistafélagi Íslands. Árið 2019 sótti Tatjana Latinovic fundina fyrir hönd félagsins en varamaður allra félaganna þriggja er framkvæmdastýra félagsins, Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir.

## **Viðburðir**

Árið 2019 stóð Kvenréttindafélag Íslands fyrir 20 viðburðum, bæði eitt og í samvinnu við önnur félög, og hélt ávörp og héldu fulltrúar félagsins erindi á 16 viðburðum sem skipulagðir voru af öðrum aðilum.

Kvenréttindafélag Íslands stendur aðeins að viðburðum sem haldnir eru í húsnæði aðgengilegt öllum.

### **Oddhvassir blýantar á Akureyri, 31. janúar til 26. febrúar 2019**

Kvenréttindafélagið stóð að alþjóðlegri skopmyndasýningu um kvenréttindi og málfrelsi í bókasafni Háskólans á Akureyri, í samstarfi við Háskólann á Akureyri og sendiráð Frakklands á Íslandi.

### **Málþing um stafrænt kynferðisofbeldi, 18. febrúar 2019**

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir kynnti skýrslu Kvenréttindafélagsins um stafrænt ofbeldi, *Online Violence Against Women in the Nordic Countries*, og sat í pallborði á málþingi á vegum HR og stýrihóps um heildstæðar úrbætur að því er varðar kynferðisofbeldi.

### **Samráðsfundur með #MeToo konum um leiðir til að bæta réttarstöðu brotþola, 25. febrúar 2019**

Kvenréttindafélagið skipulagði fund með konum til að kynna greinargerð Hildar Fjólu Antonsdóttur um bættu réttarstöðu brotþola og koma með athugasemdir og tillögur. Greinargerðin var unnin að beiðni stýrihóps forsætisráðherra um heildstæðar úrbætur að því varðar kynferðislegt ofbeldi, og skipulagði Kvenréttindafélagið fundinn beiðni hópsins. Fundurinn var haldinn 25. febrúar í fundarsal BSRB og var konum í Facebook hópnum MeToo aðmínur og Aktivistar gegn nauðgunarmenningu boðnar að taka þátt. Tæplega tíu konur tóku þátt í fundinum.

### **Hennar rödd, pallborðsumræður með konum af erlendum uppruna, 7. mars 2019**

Fríða Rós Valdimarsdóttir formaður Kvenréttindafélagsins stýrði fundi með konum af erlendum uppruna, á Gym&Tonic salnum á Kex Hostel. Viðburðurinn var skipulagður af Hennar rödd og voru Kvenréttindafélag Íslands og W.O.M.E.N. in Iceland bakhjarlar.

### **Pegar konur segja frá, #MeToo og kraftur samstöðunnar, 7. mars 2019**

Í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars buðu ASÍ, BHM, BSRB, Kvenréttindafélag Íslands, Jafnréttisstofa, Kennarasamband Íslands og Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja til hádegisverðarfundar 7. mars undir yfirskriftinni „Pegar konur segja frá - #metoo og kraftur samstöðunnar“. Til máls tóku Hildur Knútsdóttir rithöfundur, dr. Gyða Margrét Pétursdóttir dósent á Félagsvísindasviði HÍ, dr. Annadís Greta Rúðólfsdóttir dósent á Menntavísindasviði HÍ og Auður Ava Ólafsdóttir rithöfundur. Fundarstjóri var Steinunn Stefánsdóttir stjórnarkona í Kvenréttindafélaginu.

### **Oddhvassir blýantar á Egilsstöðum, 8. mars til 5. apríl 2019**

Kvenréttindafélagið stóð að alþjóðlegri skopmyndasýningu um kvenréttindi og málfrelsi í menningarmiðstöð Fljótaldalshéraðs, í samstarfi við Fljótaldalshérað og sendiráð Frakklands á Íslandi.

### **Samráðsfundur norrænu kvannahreyfingarinnar, 11. mars 2019**

Kvenréttindafélagið skipulagði og hélt utan um samráðsfund norrænu kvannahreyfingarinnar á CSW, fundi kvannanefndar Sameinuðu þjóðanna í New York. Fulltrúar kvannahreyfingar allra fimm Norðurlandanna ásamt samíska málsvæðinu mættu til samráðs.

### **Kvennafrí og verkföll kvenna, 20. mars til 22. Mars**

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir hélt erindi í Lausanne, Lugano og Fribourg til að fræða fólk um kvennafrí og íslenskar lausnir í jafnréttismálum. Fundirnir voru skipulagðir af aðstandendum svissneska kvennaverksfallsins sem haldið var 14. júní 2019.

### **Crime After Crime, heimildarmynd og Q&A, 15. júní 2019**

Kvenréttindafélag Íslands og Samtök um kvennaathvarf buðu upp á sýningu heimildarmyndarinnar *Crime After Crime* í Veröld – húsi Vigdísar. Í lok sýningar var Q&A með kvikmyndagerðamanninum Joshua Safran.

### **Hátíðarfundur á kvenréttindadegi, 19. júní 2019**

Kvenréttindafélagið, ásamt Kvenfélagasambandi Íslands og Bandalagi kvenna í Reykjavík héldu hátíðarfund á Hallveigarstöðum 19. júní. Gestur fundarins var Steinunn Valdís Óskarsdóttir, nýskipaður skrifstofustjóri jafnréttismála hjá forsætisráðuneytinu, fyrrverandi borgarstjóri og alþingismaður. Steinunn spjallaði við gesti um jafnréttismál á Íslandi.

### **Skál fyrir konum! 19. júní 2019**

Kvenréttindafélagið og Lady Brewery buðu í happy hour party á Skúli Craft Bar 19. júní, þar sem því var fagnað að konur á Íslandi fengu kosningarétt og kjörgengi til Alþingis árið 1915.

### **Kvennamessa, 19. júní 2019**

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir flutti kveðju frá Kvenréttindafélagi Íslands á kvennamessu Kvennakirkjunnar, í Kjarvalsstöðum 19. júní.

### **Stöndum með friði, frelsi og grænni framtíð, 4. september 2019**

Kvenréttindafélagið stóð ásamt öðrum samtökum að baráttufundi á Austurvelli í september um kvenfrelismál, friðar- og afvopnunarmál, málefni hinseginfólks, umhverfisvernd og réttindi flóttafólks, í tilefni af komu Mike Pence varaforseta Bandaríkjanna til Íslands. Flutt voru fimm ávörp, og voru ræðumenn Guttormur Þorsteinsson formaður Samtaka hernaðarandstæðinga, María Helga Guðmundsdóttir fv. formaður Samtakanna 78, Hildur Knútsdóttir rithöfundur og umhverfisverndarsinni, Randi Stebbins mannréttindalögfræðingur og Isabella Rivera innflytjandi frá Bandaríkjunum og aktivisti hjá No Borders.

### **Jaha's Promise, 30 ára afmæli UN Women á Íslandi, 5. september 2019**

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir stýrði pallborðsumræðum á afmælissýningu UN Women á heimildarmyndinni *Jaha's Promise*. Þátttakendur í pallborðinu voru Jaha Dukureh baráttukona, Stella Samúelsdóttir framkvæmdastýra UN Women á Íslandi, Sóley Sesselja Bender prófessor og Eva Harðardóttir uppeldis- og menntunarfræðingur.

### **Oddhvassir blýantar á Lýsu, Akureyri, 6. til 7. september 2019**

Kvenréttindafélagið stóð að alþjóðlegu skopmyndasýningunni „Oddhvassir blýantar“, um kvenréttindi og málfrelsi, á lýðræðishátíðinni Lýsu í ár, 6. og 7. september 2019 í Hofi Akureyri! Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir sótti hátíðina heim seinni daginn og var með kynningarborð um kvenréttindi og starfsemi félagsins í samkomusal hátíðarinnar.

### **#MeToo, Migration, Race and Class, á #MeToo: Moving Forward 18. september 2019**

Tatjana Latinovic hélt erindið „#MeToo, Migration, Race and Class“ á alþjóðlegu ráðstefnunni *#MeToo: Moving Forward*, sem haldin var í Hörpu dagana 17. til 19. september 2019.

### **Storytelling as a force for change, á #MeToo: Moving Forward 18. september 2019**

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir stýrði málstofunni „Storytelling as a force for change“ á

alþjóðlegu ráðstefnunni *#MeToo: Moving Forward*, sem haldin var í Hörpu dagana 17. til 19. september 2019. Þátttakendur í málstofunni voru: Rebecca Bunce, Sóley Tómasdóttir, Amanda Bergström, Annadís Greta Rúdólfssdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir.

### **Women's Activism and Equal Pay in Iceland, á Kongres Kobiet XI, 20. september 2019**

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir hélt erindið „Women's Activism and Equal Pay in Iceland“ á ráðstefnunni Kongres Kobiet í Póllandi, og tók þátt í pallborði um kjarajafnrétti, 20. september 2019.

### **Human Dimension Implementation Meeting hjá ÖSE, í Varsjá, 20. september 2019**

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir, framkvæmdastýra Kvenréttindafélags Íslands, sótti Human Dimension Implementation Meeting 2019, árlegan fund ÖSE – Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu um mannréttindi, og las upp yfirlýsingu fyrir hönd félagsins.

### **Women's Strikes and Feminist Bureaucracy; and Other Tales from the North, 16. október 2019**

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir hélt erindi um íslenskar lausnir í jafnréttismálum þann 16. október á Asahi World Forum 2019, í Tókýó, Japan. Erindi hennar bar yfirskriftina „Women's Strikes and Feminist Bureaucracy; and Other Tales from the North“. Í erindinu lagði Brynhildur áherslu á að lýðræði og sjálfbær framtíð væri óhugsandi án kvenréttinda.

Azusa Mishima, blaðamaður við Asahi Shimbun dagblaðið stýrði umræðum eftir erindið þar sem farið var nánar út í hvaða lausnir hafa virkað til auka jafnrétti á Íslandi, en Japan á langt í land í þeim málaflokki, og er aðeins í 110 sæti á Global Gender Gap Index, lista Alþjóðaefnahagsráðsins yfir stöðu jafnréttismála í heiminum.

### **5 ára afmæli Ungra athafnakvenna, 17. október 2019**

Tatjana Latinovic hélt erindi á 5 ára afmælishátíð UAK – Ungar athafnakonur.

### **Föräldraledig? Mer än en köksbordsfråga- frukostlansering! 22. október 2019**

Þrjú norræn kvenréttindasamtök, Sveriges Kvinnolobby, Kvenréttindafélag Íslands og Norges Kvinnelobby, stóðu fyrir fundi í Stokkhólmi 22. október þar sem rætt var um jafnrétti í fæðingarorlofi. Samtökin kynntu nýja samanburðarskýrslu um fæðingarorlof á Norðurlöndum, *Föräldraledig? Mer än köksbordsfråga*, og var Andrés Ingi Jónsson alþingismaður sérlegur gestur, en hann sagði frá íslenska fæðingarorlofskerfinu og fyrirhugaðum breytingum á því.

### **Söguganga á kvennafrídegi, 24. október 2019**

Kvenréttindafélag Íslands hélt femíníska sögugöngu á kvennafrídegi, fimmtudaginn 24. október. Tinna Eik Rakelardóttir, stofnandi Reykjavík Feminist Walking Tour, leiddi gesti í fótspor kvenna í miðborg Reykjavíkur og sagði byltingarsögu borgarinnar. Gangan fjallaði um ýmsa einstaklinga og hópa sem hafa haft söguleg áhrif á réttindabaráttu á Íslandi en sem oft gleymist að nefna í hefðbundnu sögulegu samhengi. Aðaláhersla var lögð á réttindabaráttu kvenna en einnig var komið inn á atriði sem varða réttindabaráttu fatlaðra, hinsegin fólks, innflytjenda og fátækra og þá í femínísku samhengi.

### **#MeToo – Immigrant Women Have a Voice, á Gender Equality, 31. október 2019**

Tatjana Latinovic hélt erindið „#MeToo – Immigrant Women Have a Voice“ á ráðstefnunni *Gender Equality: A key for economic and social development in Europe and Beyond* sem haldin var af utanríkisráðuneytinu 31. október til 1. nóvember.

### **Empowering Women, á Gender Equality, 1. nóvember 2019**

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir stýrði pallborðsumræðum á ráðstefnunni *Gender Equality: A key for economic and social development in Europe and Beyond* sem haldin var af utanríkisráðuneytinu 31. október til 1. nóvember. Þátttakendur í pallborðinu voru Helga Lind Mar skipuleggjandi Druslugöngunnar, Margrét Jónsdóttir Njarðvík í stjórn FKA, Aud Lise Norheim sendiherra Noregs á Íslandi, Carla Sequeira frá CIP – Confederation of Portuguese Business, Fríða Rós Valdimarsdóttir einn skipuleggjenda Kvennafrís 2016 og Auður Viðarsdóttir frá Stelpur rokka!

### **Kynjaþing, 2. nóvember 2019**

Kvenréttindafélagið skipulagði Kynjaþing, heilsdagsráðstefnu í Norræna húsinu þar sem félagasamtök sem starfa að jafnréttismálum fá tækifæri til að kynna starf sitt og ráða ráðum sínum. Var þetta í annað sinn sem Kynjaþing var haldið.

Fjöldamörg samtök stóðu fyrir viðburðum og kynningu á Kynjaþingi: Ada - hagsmunafélag kvenna í upplýsingatækni, ASÍ, Druslugangan, Dziewuchy Islandia, Femínistafélag HÍ, Femínísk fjármál, Jafnréttisnefnd SHÍ, Kona er nefnd, Kvennaathvarfið, Kvennahreyfing ÖBÍ, Kvennasögusafn Íslands, Kvenréttindafélag Íslands, Róttin, RVK Feminist Film Festival, Samtökin '78, Sigrún hannyrðapönkari, SÍBS, Stelpur rokka!, Trans Ísland, UAK og Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi.

Alls voru 13 viðburðir haldnir á þinginu, sótti 471 gestur Kynjaþing og var meðalaldur gesta 33 ára. Í kjölfar þings var send út skoðanakönnun til þátttakenda sem stóðu að viðburðum og kynningum til að fræðast um hvað gett vel og hvað er hægt að bæta í framkvæmd þingsins. Kynjaþing verður haldið aftur í Norræna húsinu haustið 2020.

### **Reykfylltu bakherbergin, samráðsfundur með konum á Alþingi, 2. nóvember 2019**

Kvenréttindafélag Íslands hélt umræðufund um stöðu kvenna í stjórnámálum á Kynjaþingi. Hanna Katrín Friðriksson alþingismaður, Heiða Björg Hilmisdóttir borgarfulltrúi og formaður velferðarráðs Reykjavíkurborgar, Sóley Björk Stefánsdóttir bæjarfulltrúi á Akureyri og Þórhildur Sunna Ævarsdóttir alþingismaður og formaður laga- og mannréttindanefndar Evrópuráðsþingsins ræddu málin. Auður Jónsdóttir stýrði umræðum. Fundinum var streymt á veraldarvefnum og verður áfram aðgengilegur.

### **Kjaftað með kennurum, samráðsfundur með kynjafræðikennurum, 2. nóvember 2019**

Kvenréttindafélag Íslands hélt umræðufund um kynjafræðikennslu á öllum skólastigum, í samstarfi við Samtökin '78, á Kynjaþingi. Fram komu Þóra Þorsteinsdóttir grunnskólakennari, Karen Ástu- og Kristjánsdóttir kynjafræðikennari, Kolbrún Lára Kjartansdóttir leikskólakennari og Davíð Pálsson tómstunda- og félagsmálafræðingur. Umræðum stýrði Sólveig Rós, fræðslustýra

Samtakanna '78. Fundurinn var tekinn upp og til stendur að gera hann aðgengilegan í hlaðvarpsformi seinna í vetur.

### **Samtvinnuð fjöldasamstaða, 2. nóvember 2019**

Kvenréttindafélagið stóð að spjallfundi um samtvinnun eða intersectionality, í samstarfi við Kvennahreyfingu ÖBÍ og Trans Ísland, á Kynjaþingi. Sæborg Ninja Urðardóttir, Tatjana Latinovic og Þorbera Fjölnisdóttir ræddu málin og Svanhvít Ada Sif Björnsdóttir leiddi spjallið.

### **Jafnrétti fyrir alla? Á Jafnvægisvogin 2019, 5. nóvember 2019**

Tatjana Latinovic hélt erindið „Jafnrétti fyrir alla?“ á ráðstefnu FKA Jafnvægisvogin 2019, þann 5. nóvember 2019.

### **Innflytjendakonur og ofbeldi, 12. nóvember 2019**

Opinn fundur ofbeldisvarnarnefndar Reykjavíkurborgar, fjölmeningarráðs Reykjavíkurborgar, ASÍ, W.O.M.E.N., Kvenréttindafélagsins og Kvennaathvarfisins. Erindi fluttu dr. Brynja Elísabeth Halldórsdóttir lektor í krítískum menntunarfræðum við menntavísindasvið, Claudie Ashonie Wilson lögmaður, Hildur Guðmundsdóttir vaktstýra Kvennaathvarfisins og Nanna Hermannsdóttir hagfræðinemi. Sabine Leskopf formaður fjölmeningarráðs Reykjavíkurborgar flutti lokaorð. Fundarstjóri var Heiða Björg Hilmisdóttir.

### **Reykjavík Global Forum, 18. nóvember til 20. nóvember 2019**

Kvenréttindafélag Íslands var einn af samstarfsaðilum á bak við heimsping kvenna, Reykjavík Global Forum, sem haldið var í þriðja sinn í Hörpu daganna 18.–20. nóvember.

### **The Icelandic Story – How Women Changed the Political Landscape, 20. nóvember 2019**

Tatjana Latinovic hélt erindi á viðburði IceFemIn á Heimspingi kvenna, Reykjavík Forum Global. Til máls tóku einnig Kristín Ástgeirsdóttir frá IceFemIn, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir frá BSRB, Katrín Oddsdóttir formaður Stjórnarskrárfélagsins og Jóna Þórey Pétursdóttir formaður Stúdentaráðs HÍ.

### **Kvenréttindi, á Jafnréttisþingi Garðaskóla, 20. nóvember 2019**

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir hélt sex erindi um kvenréttindi á Íslandi og femínisma, fyrir 8. til 10. bekk á Jafnréttisþingi Garðaskóla.

### **Equality in the Workplace: The Equal Pay Standard and Other Tools, á #WorkEqual, 27. nóvember 2019**

Tatjana Latinovic hélt erindi um jafnrétti á vinnumarkaði, sérstaklega jafnlaunastaðalinn, þann 27. nóvember, á ráðstefnunni #WorkEqual í Dyflinni á Írlandi.

### **Kaffi, kleinur og kvennasaga í morgunsárið, 5. desember 2019**

Kvenréttindafélagið og Kvennasögusafnið héldu árlegan jólafund sinn 5. desember. Anna Dröfn Ágústsdóttir og Lóa Auðunsdóttir kynntu rannsóknarverkefni sitt um myndmál kvennabaráttunnar og Arnheiður Steinþórsdóttir kynnti lokaverkefni sitt í sagnfræði um dagskrá Kvenfélagasambands Íslands og Kvenréttindafélags Íslands í Ríkisútvarpinu 1945-1954. Tatjana Latinovic ávarpaði fundinn og Ragnhildur Hólmgeirsdóttir stýrði fundi.



# Útgáfa, skýrslur, greinar og yfirlýsingar

Kvenréttindafélag Íslands hefur á árinu 2019 gefið út eina skýrslu, eitt ársrit, sent frá sér fjórar ályktanir, og hafa fulltrúar félagsins skrifað eina grein sem birtist í fjölmiðlum.

## Ályktun Kvenréttindafélagsins um ný lög um þungunarrof, 13. maí 2019

Kvenréttindafélag Íslands sendi frá sér ályktun til að fagna nýjum lögum um þungunarrof og þakka konum sem hafa háð baráttuna fyrir þungunarrofi síðustu áratugi og minnst þeirra kvenna sem í aldanna rás hafa liðið fyrir að hafa ekki yfirráð yfir eigin líkama.

## 19. júní – ársrit Kvenréttindafélags Íslands, 19. júní 2019

19. júní er með elstu tímaritum Íslands, en fyrsti árgangurinn kom út árið 1951. Þema blaðsins 2019 er *vald* og blaðinu birtast greinar sem rýna í m.a. kvenfrelsi á tímum öfgahyggju, orðræðugreining á íslenskum #MeToo frásögnum, uppbyggilega réttvísi og kynferðisofbeldi og verkföll kvenna. Einnig birtast í blaðinu greinar sem taka á öðrum málum sem hafa brunnið á okkur síðustu misserin. Birt er viðtal við lektor í lögreglufræðum við Háskólann á Akureyri sem segir frá nýju námi fyrir lögreglumenn og kynjamisrétti innan lögreglunnar, sagt er frá konum í Afganistan, baráttu fatlaðra kvenna, kynjaðri málnotkun, frumvarpi um ný lög um þungunarrof, leikritinu *Kvenfólk* eftir Hund í óskilum og alþjóðlegu skopmyndasýningunni *Oddhvassir blýantar*.

## Yfirlýsing Kvenréttindafélagsins til ÖSE ríkja, 20. september 2019

Kvenréttindafélag Íslands sendi frá sér yfirlýsingu til ÖSE ríkja á árlegum mannréttindafundi þeirra, HDIM, til að mótmæla kjaramisrétti, mótmæla ofbeldi og áreitni á vinnustað og hvetja ríkin til að styðja skipulagða baráttu kvennahreyfingarinnar.

## Hvatning Kvenréttindafélagsins til stjórnvalda að greiða fyrir störf kvenna, 7. október 2019

Kvenréttindafélag Íslands hvatti stjórnvöld til að greiða fyrir fundarsetu í starfshópum sem skipaðir eru í tengslum við heildarendurskoðun jafnréttislaga nr. 10/2008.

## Föräldraledig? Mer än köksbordsfråga, 22. október 2019

Kvenréttindafélagið sendi frá sér samanburðarskýrslu um fæðingarorlof á Norðurlöndum, gefin út í samstarfi við Sveriges Kvinnolobby og Norges Kvinnelobby.

## Ályktun Kvenréttindafélagsins um aðgerðir Íslandsbanka til að jafna kynjahlutföll, 25. október 2019

Kvenréttindafélagið sendi frá sér ályktun til að fagna áformum Íslandsbanka að vinna markvisst að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og sýna þannig samfélagslega ábyrgð í verki.

## „Nei, við erum ekki búin að afgreiða #MeToo“, 1. desember 2019

Tatjana Latinovic skrifaði grein um #MeToo og kynferðislega áreitni á vinnumarkaði, í tilefni af 16 daga átaki gegn ofbeldi gegn konum. Birt í *Fréttablaðinu*.

## Samstarf við stjórnvöld og erlendar eftirlitsstofnanir

Kvenréttindafélagið sendi utanríkisráðuneytinu drög að sértækum verkefnum sem Kvenréttindafélag Íslands getur boðið fram í alþjóðlegt samstarf sem styrkt eru af Uppbyggingarsjóð EES, þann 21. febrúar.

Kvenréttindafélagið skipulagði 25. febrúar samráðsfund með #MeToo konum að beiðni stýrihóps forsætisráðherra um heildstæðar úrbætur að því varðar kynferðislegt ofbeldi. Fundurinn var haldinn til að kynna greinargerð Hildar Fjólú Antonsdóttur um bættu réttarstöðu brotaþola og fá álit kvenna sem virkar hafa verið í #MeToo hópum.

Kvenréttindafélagið tók þátt í ráðstefnunni *#MeToo: Moving Forward* sem haldin var af forsætisráðuneytinu 17. til 19. september 2019. Tatjana Latinovic hélt erindi og Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir stýrði pallborðsumræðum.

Kvenréttindafélagið tók þátt í ráðstefnunni *Gender Equality: A key for economic and social development in Europe and Beyond* sem haldin var af utanríkisráðuneytinu 31. október til 1. nóvember. Tatjana Latinovic hélt erindi og Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir stýrði pallborðsumræðum.

Fulltrúar Kvenréttindafélagsins tóku þátt í ýmsum samráðsfundum með stjórnvöldum á árinu, þ.á.m. fund samtaka sem vinna að mannréttindum og réttindamálum einstakra hópa með stýrihópi stjórnarráðsins um mannréttindi 28. apríl; samráðsfund um CSW 2020 sem boðaður var 6. september af skrifstofu jafnréttismála; samráðsfund um jafnrétti til útflutnings og Uppbyggingarsjóð EES sem boðaður var af utanríkisráðuneytinu 13. september; fund um heildarendurskoðun jafnréttislaganna sem boðaður var 26. september af skrifstofu jafnréttismála í forsætisráðuneytinu; tvo vinnufundi um fræðslu og forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi sem boðaðir voru 30. september og 14. nóvember af Nefnd um mótun heildarstefnu um forvarnir og fræðslu, með það að markmiði að útrýma kynferðislegu ofbeldi, kynbundinni og kynferðislegri áreitni og öðru kynbundnu ofbeldi; og hugarflugsfund um 25 ára afmæli Beijing-áætlunarinnar sem boðaður var 21. nóvember af skrifstofu jafnréttismála í forsætisráðuneytinu.

7. október tilnefndi Kvenréttindafélagið fulltrúa í starfshópa stjórnvalda í tengslum við heildarendurskoðun laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Stefanía Sigurðardóttir og Hildur Helga Gísladóttir voru tilnefndar í starfshóp I um launajafnrétti og vinnumarkað; Eva Huld Ívarsdóttir og Bergljót Tul. Gunnlaugsdóttir voru tilnefndar í starfshóp II um kæruleiðir og viðurlög; Tatjana Latinovic og Kristín Ástgeirsdóttir voru tilnefndar í starfshóp III um stjórnsýslu jafnréttismála o.fl.; og Helga Dögg Björgvinsdóttir og Ellen Jacqueline Calmon voru tilnefndar í starfshóp IV um bann við mismunun á grundvelli kyns.

20. september las Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir upp yfirlýsingu fyrir hönd Kvenréttindafélagsins á Human Dimension Implementation Meeting 2019, árlegum fundi ÖSE – Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu um mannréttindi, og hvatti ÖSE-ríki til að uppræta kynbundnum kjaramun, uppræta ofbeldi og áreitni gegn konum og til að styrkja starfsemi femínískra samtaka.

Kvenréttindafélagið sendi á árinu 2019 frá sér 25 umsagnir og ábendingar um frumvörp og opinber skjöl:

- Umsögn um tillögu til þingsályktunar um kynjavakt Alþingis, 48. mál, 149. löggjafarþing.
- Umsögn um frumvarp til laga um samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs, 417. mál, 149. löggjafarþing.
- Umsögn um tillögu til þingsályktunar um áætlun fyrir árin 2019–2022 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess, 409. mál, 149. löggjafarþing.
- Umsögn um frumvarp til laga um ófrjósemisaðgerðir, 435. mál, 149. löggjafarþing.
- Umsögn Kvenréttindafélags Íslands og 728 manneskja um frumvarp til laga um þungunarrof, 393. mál, 149. löggjafarþing.
- Umsögn um drög að frumvarpi til laga um kynrænt sjálfræði, mál nr. S-42/2019, forsætisráðuneytið.
- Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, með síðari breytingum (lenging fæðingarorlofs), 154. mál, 149. löggjafarþing.
- Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum (tíðavörur og getnaðarvarnir), 52. mál, 149. löggjafarþing.
- Umsögn Kvenréttindafélags Íslands um áform um lagasetningu um sjálfstæða innlenda mannréttindastofnunar, mál nr. S-76/2019, dómsmálaráðuneytið.
- Umsögn um tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um Jafnréttissjóð Íslands, nr. 13/144, 570. mál, 149. löggjafarþing.
- Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, með síðari breytingum (fæðingarstyrkur vegna ættleiðingar), 257. mál, 149. löggjafarþing.
- Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (þrenging ákvæðis um hatursorðræðu), 543. mál, 149. löggjafarþing.
- Umsögn um frumvarp til laga um kynrænt sjálfræði, þingskjal 1184, 752. mál, 149. löggjafarþing.
- Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar nr. 100/2007, með síðari breytingum (ákvörðun réttindahlutfalls örorkulífeyris), mál nr. 131/2019, félagsmálaráðuneytið.
- Umsögn um verkefnisáætlun um heildarendurskoðun jafnréttislaga. mál nr. S–155/2019, forsætisráðuneytið.
- Umsögn um þingsályktun um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum 2020–2023, mál nr. S–152/2019, forsætisráðuneytið.
- Umsögn um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum fyrir árin 2020-2023, 102. mál, 150. löggjafarþing.
- Umsögn um fullgildingu íslenskra stjórnvalda á samþykkt Alþjóðavinnuálagastofnunarinnar nr. 190, um aðgerðir gegn ofbeldi og áreitni, sem afgreidd var á 108. Alþjóðavinnuálagið í Genf í júní 2019, mál nr. 256/2019, félagsmálaráðuneytið.
- Umsögn um tillögu til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál, 116. mál, 150. löggjafarþing.

- Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002 (refsing við tálmun eða takmörkun á umgengni), 123. mál, 150. löggjafarþing.
- Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, með síðari breytingum (lenging fæðingarorlofs), mál nr. 270/2019, félagsmálaráðuneytið.
- Hugmyndir og ábendingar vegna væntanlegrar tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2020-2024, félagsmálaráðuneytið.
- Umsögn um tillögu til þingsályktunar um markvissa fræðslu um kynjafræði, kynfrelsi, sjálfsákvörðunarrétt og þýðingu samþykkis í kynferðislegum samskiptum, 165. mál, 150. löggjafarþing
- Umsögn um frumvarp til stjórnskipunarlaga um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 279. mál, 150. löggjafarþing.
- Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, með síðari breytingum (lenging fæðingarorlofs), 393. mál, 150. löggjafarþing.
- Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um samvinnufélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um hlutafélög og lögum um sameignarfélög (viðurlög vegna hlutfalls kynja í stjórn), 19. mál, 150. löggjafarþing.

Fulltrúar Kvenréttindafélagsins mættu 7 sinnum á árinu fyrir þingnefnd til að fylgja eftir umsögnum sínum á lagafrumvörpum. 22. janúar mætti Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir fyrir allsherjar- og menntamálanefnd til að ræða tillögu til þingsályktunar um áætlun fyrir árin 2019–2022 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess; 24. janúar mætti Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir fyrir allsherjar- og menntamálanefnd til að ræða frumvarp til laga um samskiptaráðgjafa íprótta- og æskulýðsstarfs; 4. mars mættu Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir og Fríða Rós Valdimarsdóttir á fund velferðarnefndar til að ræða frumvarp um þungunarrof (þingskjal 521, 393. mál, 149. löggjafarþing); 5. mars mætti Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir á fund efnahags- og viðskiptanefndar til að ræða frumvarp um breytingu á virðisaukaskatti (tíðavörur og getnaðarvarnir); 26. mars mætti Tatjana Latinovic á fund allsherjar- og menntamálanefndar til að ræða frumvarp breytingu á jafnréttissjóði og svo aftur um þrengingu hatursorðræðuákvæðis; 8. nóvember mættu Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir og Tatjana Latinovic á fund allsherjarnefndar til að ræða um þingsályktunartillögu í jafnréttismálum.

Kvenréttindafélagið deilir tveimur sætum í Jafnréttisráði með Kvenfélagasambandi Íslands og Femínistafélags Íslands. Tatjana Latinovic er fulltrúi Kvenréttindafélagsins í ráðinu og er Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir varamaður hennar.

## Samstarf við femínísku hreyfinguna á innlendum vettvangi

Kvenréttindafélagið hefur unnið vel með innlendum mannréttindasamtökum á árinu 2019.

Hápunktur ársins var án efa Kynjaþing 2019 sem félagið stóð fyrir 2. nóvember 2019, þar sem 21 samtök stóðu fyrir viðburðum og kynningu. Einnig stóð félagið fyrir sérstökum fundum sem haldnir voru í samstarfi við önnur samtök kvenna og mannréttindamála.

Ellen Calmon, sem situr í stjórn Mannréttindaskrifstofu Íslands fyrir hönd Kvenréttindafélagsins, var kjörin formaður stjórnar Mannréttindaskrifstofunnar á aðalfundi 2019.

Fulltrúar Kvenréttindafélagsins funduðu 6. mars og 15. apríl með öðrum mannréttindasamtökum til að ræða fyrirhugaðar lagabreytingar á hegningarlögunum, þá sér í lagi breytingu á ákvæði um hatursorðræðu, og ræddu í kjölfarið um aukið samstarf samtakanna gegn hatursorðræðu, og skipulagði fund 2. október með femínískum félögum til að ræða 25 ára afmæli Beijing-áætlunarinnar.

Framkvæmdastýra Kvenréttindafélagsins var grasrótarsamtökum og –hópum innan kvennahreyfingarinnar innan handa á árinu, fundaði m.a. með nemendum í Háskóla Íslands sem höfðu hug á að stofna femínistafélag innan lagadeildarinnar og sendi hvatningu til femínískra samtaka til að senda inn umsagnir við einstök frumvörp sem lögð voru fram á Alþingi á árinu. Framkvæmdastýra aðstoðaði einnig Mannréttindaskrifstofu Íslands við prófarkalestur, vann að þýðingu fyrir Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi og aðstoðaði Félag um kynlíf og barneignir við vefsíðugerð.

Kvenréttindafélagið hefur mikinn hug á að efla rödd pólskra kvenna á íslenskum vettvangi og fundaði á árinu með Justynu Grosel hjá Dziewuchy Islandi til að ræða leiðir til að efla rödd pólskra kvenna í íslensku femínistahreyfingunni og hvernig Kvenréttindafélagið getur stutt við það starf. Stefnir félagið á að stórefla samstarf sitt við pólska femínista á Íslandi á komandi misserum.

Kvenréttindafélagið átti í góðu samstarfi við fulltrúa innan félaga launafólks og átti í virkum samskiptum um kjarajafnrétti í kjölfar kvennafrís og kynningu á jafnlaunastaðlinum á erlendri grundu.

## **Samstarf við femínísku hreyfinguna erlendis**

Kvenréttindafélagið átti í góðu samstarfi við erlend félagasamtök um jafnréttismál á árinu 2019.

### **International Alliance of Women**

Kvenréttindafélagið hefur átt aðild að International Alliance of Women (IAW), Alþjóðasambandi kvenréttindafélaga, síðan 1907. Fulltrúar Kvenréttindafélagsins, Fríða Rós Valdimarsdóttir, Tatjana Latinovic og Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir, funduðu með stjórn International Alliance of Women 14. mars 2019.

Ljóst er að aðkoma félagsins að þessum alþjóðlegum samtökum verður lítil í fyrirsjáanlegri framtíð þar sem ekki hefur tekist að fjármagna þátttöku okkar í þessu samstarfi.

### **European Women's Lobby**

Kvenréttindafélaginu var veitt aðild að European Women's Lobby, Hagsmunasamtökum evrópskra kvenna, í febrúar 2019. EWL eru stærstu regnhlífarsamtök kvennahreyfingarinnar í

Evrópu og eiga kvenréttindafélög í 30 löndum aðild að samtökunum, sem og 19 samtök sem starfa á evrópskum vettvangi. Kvenréttindafélag Íslands er eina íslenska aðildarfélagið í þessum samtökum, og skipar félagið fulltrúa í stjórn samtakanna og þjónar sem tengiliður íslensku femínísku hreyfingarinnar við samtökin.

Fríða Rós Valdimarsdóttir formaður, Tatjana Latinovic varaformaður og Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir framkvæmdastýra funduðu óformlega með stjórn og framkvæmdastjóra EWL í New York 13. mars 2019. Á aðalfundi Kvenréttindafélagsins 6. maí 2019 var Ellen Calmon svo kjörin fulltrúi Íslands í stjórn EWL og Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir var kjörin varafulltrúi. Sóttu þær aðalfund EWL í Brussel 7. til 8. júní 2019.

Á vegum EWL starfa ýmsir starfshópar og á árinu tilnefndi Kvenréttindafélagið fulltrúa í tvo þessara hópa. Hildur Fjóra Antonsdóttir var tilnefnd í starfshóp um ofbeldi, EWL Observatory to End Violence Against Women. Kolfinna Tómasdóttir var tilnefnd sem fulltrúi Íslands á vinnufund ungra kvenna, Workshop on EWL's Young Women's Engagement Strategy sem haldinn var 8. til 11. nóvember.

### **Norrænt samstarf**

Kvenréttindafélagið hefur átt í nánu samstarfi við norræn kvennasamtök á árinu. Kvenréttindafélagið skipulagði og hélt utan um samráðsfund norrænu kvennahreyfingarinnar á CSW, fundi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna í New York þann 11. mars. Fulltrúar kvennahreyfingar allra fimm Norðurlandanna ásamt samíska málsvæðinu mættu til samráðs. Hefur Kvenréttindafélagið í hyggju að skipuleggja þess lags fund á hverju ári.

Einnig skipulagði Kvenréttindafélagið óformlegan vinnufund norrænna fulltrúa á aðalfundi European Women's Lobby 8. júní, Nytkis í Finnlandi, Kvinderådet í Danmörku og Sveriges Kvinnolobby í Svíþjóð. Á þeim fundi voru lögð drög að nánara samstarf á norrænum vettvangi milli kvennahreyfinga í framtíðinni, sem þó er háð fjármögnun.

Kvenréttindafélagið hefur átt í samstarfi við norræn félagasamtök með þátttöku í verkefnum sem styrkt eru af Jafnréttissjóði Norrænu ráðherranefndarinnar, í umsjón NIKK. Kvenréttindafélagið fundaði með Sveriges Kvinnolobby og Norges Kvinneobby á árinu um verkefni sem félögin unnu saman að um foreldraorlof og foreldrafjárretti. Verkefninu lauk í október á þessu ári með útgáfu skýrslunnar *Föräldraledig? Mer än köksbordsfråga*, og fundi í Stokkhólmi 22. október þar sem einn af fyrirlesurum var Andrés Ingi Jónsson alþingismaður sem greindi frá íslenska fæðingarorlofskerfinu og fyrirhugaðum breytingum á því.

Kvenréttindafélagið hóf á árinu samstarf við Kvinderådet í Danmörku, Damudomi í Færeyjum og 8. mars gruppen í Grænlandi og sótti um styrk til jafnréttissjóðs Norrænu ráðherranefndarinnar um að stofna vest-norrænt tengslanet femínista. Þetta er í annað skipti sem sótt er um styrk til verkefnisins og í annað skipti sem þeim styrk er neitað. Mikill hugur er þó í öllum þátttakendum að halda áfram að vinna að verkefninu og sækja að styrk að ári liðnu, en ljóst er að mikill skortur er á samráði femínískra hreyfinga á vest-norræna málsvæðinu.

Fulltrúi félagsins tók þátt í tengslaráðstefnu á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar um styrki milli Norðurlandanna og Rússlands, en ákveðið var að ekki hefja samstarf við mannréttindasamtök í Rússlandi að þessu sinni, en skortur er á sérhæfingu og þekkingu í félagsumhverfi Rússlands innan félagsins.

Kvenréttindafélag Íslands á aðild að Feministiskt Nätverk Norden, samráðsvettvangi sem stofnaður var í kjölfar jafnréttisráðstefnunnar Nordiskt Forum 2014. Einnig sitja í FNN Kvenfélagasamband Íslands, Sveriges Kvinnolobby (Svíþjóð), Fokus og Krisesentersekretariat (Noregur), Kvinderådet (Danmörk) og Nytkis (Finnland). Var samráðsvettvangurinn óvirkur á árinu.

### **Annað erlent samstarf**

Kvenréttindafélagið hóf á árinu samstarf við sjö evrópsk samtök að verkefni til að stuðla að valdeflingu kvenna af erlendum uppruna. NOW – New Opportunities for Women er alþjóðlegt tengslanet kvenna, styrkt af Erasmus. Skipuleggjendur eru, ásamt Kvenréttindafélaginu, Evolve Global Solutions Ltd í Bretlandi, CSI Center for Social Innovation í Kýpur, Future in Perspective á Írlandi, IASIS í Grikklandi, ITG Conseil í Frakklandi, Instituto para el Fomento del Desarrollo y la Formación á Spáni og Mindshift Talent Advisory Ida í Portugal. Stofnfundur tengslanetsins var haldinn í Stratford-upon-Avon í Bretlandi 22. október og sótti Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir fundinn fyrir hönd Kvenréttindafélagsins.

Kvenréttindafélagið hefur mikinn hug á að efla samstarf sitt við femínista í Póllandi. Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir hélt erindi um kvennafrí og jafnlaunastaðalinn og tók þátt í pallborðsumræðum um kjarajafnrétti, á 11. kvennapingi Póllands, Kongres Kobiet, 20. september 2019. Í kjölfarið hófu Kongres Kobiet og Kvenréttindafélagið viðræður um verkefni sem samtökin gætu unnið saman í framtíðinni.

14. maí sat Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir ásamt öðrum fulltrúum frjálsra félagasamtaka á Íslandi fund með John Fisher frá Human Rights Watch.

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir ferðaðist til Sviss í mars að beiðni skipulagshóps kvennaverksfalls sem boðað var 14. júní 2014. Hélt hún erindi um íslenska kvennafríð og kjarajafnrétti í Lausanne 20. mars, í Lugano 21. mars og í Freiburg 22. mars.

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir sótti ráðstefnuna European Caucus on Reproductive Rights sem haldin var í Danmörku af Center for Reproductive Rights, ásamt Silju Báru Ómarsdóttur og Steinunni Rögnvaldsdóttur. Fulltrúar frá samtökum alls staðar úr Evrópu tóku þátt og ræddu um baráttuna fyrir frjósemisheilbrigði og frjósemisréttindi, 23. til 24. maí.

Í ágúst 2019 var Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir skráður þátttakandi í vinnuhópnum „Participation, accountability and gender-responsive institutions“ sem skipulagður er af NGO CSW/NY til að undirbúa 25 afmæli Beijing-áætlunarinnar.

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir hélt erindi um íslenskar lausnir í jafnréttismálum þann 16. október á Asahi World Forum 2019, í Tókýó, Japan.

Tatjana Latinovic hélt erindi um jafnrétti á vinnumarkaði og jafnlaunastaðalinn, þann 27. nóvember, á ráðstefnunni #WorkEqual í Dyflinni á Írlandi.

Einnig tók Kvenréttindafélagið á móti ýmsum erlendum gestum á skrifstofu sína á Hallveigarstöðum og svaraði fyrirspurnum frá erlendum félagssamtökum og aðilum, þ.á.m. um jafnlaunastaðalinn, og veitti upplýsingar þar af lútandi.

## Óháð upplýsingagjöf til innlendra og erlenda aðila um jafnréttismál á Íslandi

Kvenréttindafélag Íslands átti í miklum samskiptum við erlenda og innlenda fjölmiðla og aðra aðila á árinu 2019.

Fulltrúar félagsins svöruðu ýmsum fyrirspurnum erlendis frá, frá ýmsum aðilum, s.s. stjórnaráðgjöf, embættisfólki, fræðafólki, nemendum og einkaaðilum. Félagið tók einnig á móti ýmsum gestum á árinu á skrifstofu sinni á Hallveigarstöðum og fræddi um jafnréttismál, þ.á.m. þingfólki í þingi Neðra-Saxlands í Þýskalandi, þingkonum frá Malaví, og hópum háskólanema frá Illinois, Texas og Utah í Bandaríkjunum.

Meginþorri fyrirspurna kom þó frá fjölmiðlum. Fulltrúar félagsins fóru í fjöldamörg fjölmiðlaviðtöl við um ýmis málefni, sérstaklega um ný lög um jafnlaunastaðal og um kvennafrí. Höfð voru samskipti við fjölmiðla í 37 skipti á árinu, spurningum svarað í tölvupósti, aðstoð var veitt við að skipuleggja heimsóknir til landsins og farið var í viðtöl í útvarpi, í prentmiðlum, og á vefmiðlum.

Fulltrúi félagsins fór í sjónvarpsviðtal hjá finnska ríkissjónvarpinu *YLE*.

Fulltrúar félagsins fóru í útvarpsviðtöl hjá eftirfarandi útvarpsstöðvum og hlaðvörpum:

Hlaðvarpið *Feminism on the Road* í Frakklandi, hlaðvarp *The Irish Times* í Írlandi með Kathy Sheridan, *Mannlegi þátturinn*, *Morgunvaktin* og *Síðdegisútvarpið* á RÚV og *Píratasþjallið* á Íslandi og *ARD German Radio* í Þýskalandi.

Fulltrúar félagsins fóru í viðtöl hjá eftirfarandi prentmiðlum og vefmiðlum: *Wienerin* í Austurríki, *Huffington Post* í Bandaríkjunum, *DV*, *Fréttablaðið*, *Morgunblaðið*, *Stundin* og *Visir.is* á Íslandi, *Asahi Shimbun* í Japan, *Forbes Woman* í Póllandi, *El País* á Spáni, *Le Temps*, *Services Publics*, *Reconnecting With Common Sense* og *Rowenna* í Sviss, *Wienerin* í Austurríki og evrópsku vefmiðlana *EU Observer*, *NewsMavens* og *Political Critique*. Einnig fór fulltrúi félagsins í langt viðtal við sjálfstætt starfandi blaðamann frá Oklahoma í Bandaríkjunum og í viðtal við tvo fræðimenn sem vinna saman að bók um sexisma í tíu löndum, þ.á.m. á Íslandi.

Ótalin er hér aðstoð sem veitt var erlendum fjölmiðlum við að skipuleggja heimsóknir til Íslands, og aðstoð sem þeim var veitt í gegnum tölvupóst, s.s. að finna fyrir þá tölulegar og sögulegar upplýsingar um stöðu íslenskra jafnréttismála og koma þeim í samband við viðmælendur á Íslandi.



Ómæld eru margfeldnisáhrif þessara samskipta Kvenréttindafélagsins við fjölmiðla, en viðtöl sem birtust við fulltrúa félagsins á erlendum vettvangi voru oft tekin upp í umfjöllun annarra fjölmiðla sem ekki höfðu beint samband við félagið.

## Stafræn jafnréttisbarátta

Á árinu 2019 hefur Kvenréttindafélagið fíkrað sig áfram í stafrænni jafnréttisbaráttu.

17. janúar hvatti Kvenréttindafélagið fólk til að skrifa undir sameiginlega umsögn um frumvarp sem þá lá fyrir Alþingi um rýmri rétt til þungunarrofs, þar sem ákvörðun um þungunarrof var skilyrðislaust sett í hendur kvenna. 728 manneskjur skrifuðu undir umsögnina og var hún send Alþingi 24. janúar í nafni félagsins og þeirra sem skrifuðu undir.

24. október sendi félagið frá sér upplýsingamynd á samfélagsmiðlum um nýjan útgangstíma kvenna ef þær vildu leggja niður vinnu á kvennafrídegi (14:56).

Heimasíða Kvenréttindafélagsins er vistuð undir léninu [kvenrettindafelag.is](http://kvenrettindafelag.is) en lénið [krfi.is](http://krfi.is) vísar á ensku útgáfu vefsíðunnar. Síðan er hönnuð af Brynhildi Heiðar-og Ómarsdóttur, myndskreytt af Þóreyju Mjallhvíti og hýst hjá 1984. Var vefsíðan uppfærð árið 2019.

Nokkrar undirsíður eru vistaðar á síðunni, [mmk.kvenrettindafelag.is](http://mmk.kvenrettindafelag.is) sem varðveitir upplýsingar um Menningar-og minningarsjóð kvenna, [nam.kvenrettindafelag.is](http://nam.kvenrettindafelag.is) sem hýsir námsefni fyrir framhaldsskólanema í kynjafræði og [grunnskoli.kvenrettindafelag.is](http://grunnskoli.kvenrettindafelag.is) sem hýsir verkefni ætluð til kennslu í kynjafræði á grunnskólastigi.

Kvenréttindafélagið heldur úti vefgátt þar sem erlendir gestir og blaðamenn geta nálgast upplýsingar um stöðu kvenna á Íslandi og jafnrétti kynjanna: [kvenrettindafelag.is/useful-resources](http://kvenrettindafelag.is/useful-resources). Félagið er heldur einnig utan um lénin [kynjathing.is](http://kynjathing.is), [kvennafri.is](http://kvennafri.is) og varðveitir [feministinn.is](http://feministinn.is).

Kvenréttindafélag Íslands er virkt á samfélagsmiðlum. Félagið heldur úti síðu á Youtube. Á Facebook hefur félagið 4340 vini; 743 fylgja félaginu á Twitter; og 383 fylgja félaginu á Instagram.

## Félagar í Kvenréttindafélagi Íslands

Heiðursfélagar eru Vigdís Finnbogadóttir, Sigríður Th. Erlendsdóttir og Björg Einarsdóttir.

Kvenréttindafélög og önnur félög sem vinna að sambærilegum stefnumálum geta orðið aðildarfélög í Kvenréttindafélagi Íslands. Árið 2019 sóttu fjögur félög um aðild að Kvenréttindafélaginu og voru samþykkt af stjórn félagsins: Femínísk fjármál, Félag um Fjöruverðlaunin – bókmenntaverðlaun kvenna á Íslandi, Róttin og Samtök um Kvænnaathvarf. Aðildarfélög Kvenréttindafélags Íslands eru sex, fyrrnefnd félög ásamt W.O.M.E.N. in Iceland – Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi og Druslubækur og doðrantar.

Félagaöflun gekk vel á árinu og í árslok 2019 voru félagar 760. Hefur félögum fjölgað jafnt og þétt síðustu fimm árin. Í árslok 2014 voru félagar 448. Í árslok 2015 voru félagar 540. Í árslok 2016 voru félagar 572. Í árslok 2017 voru félagar 640. Í árslok 2018 voru félagar 663.